

Formáli

Noam Chomsky, þekktasti og áhrifamesti málfræðingur samtímans, benti á það í erindi í Háskóla Íslands í september 2011 að tungumálið væri alls ekki tilkomið sem samskiptatæki – og raunar væri það einkar illa til þess fallið að sinna því hlutverki. Sumir urðu hvumsa við, en þegar að er gáð er þetta augljóslega rétt. Mestöll málnotkun felst í einhverju öðru en samskiptum. Við notum málið til að hugsa, til að tala við sjálf okkur, þingmenn halda ræður sem enginn hlustar á og fræðimenn skrifa vísindagreinar sem enginn les.

Síðast en ekki síst er málið frábært afþreyingar- og leiktæki. Við ráðum – eða jafnvel semjum – krossgátur, skrifum fyrir skúffuna, yrkjum fyrir eldinn, og spreytum okkur á rímþrautum eins og sléttuböndum. Sumir dunda sér jafnvel við að búa til – eða finna – *samhverfur*, sem á útlensku nefnast ‘palindrome’; þessi skrítnu og skemmtilegu orð og orðasambönd sem hægt er að lesa bæði afturábak og áfram. Þetta er ekki ný dægradvöl – ein þekktasta samhverfa sem til er (SATOR AREPO TENET OPERA ROTAS) fannst rist í stein í bæ sem fór undir ösku í gosi Vesúvíusar árið 79, og til eru fornar samhverfur á hebresku og sanskrít.

Sjálfsagt hafa Íslendingar leikið sér með samhverfur frá alda öðli en þeirra er fyrst getið á íslensku, svo að ég hafi rekist á, í jólablaði *Lesbókar Morgunblaðsins* 1957. Þar er fyrirbærið nefnt *stafbyrðingur* og er þetta eina dæmið sem ég hef fundið um það orð – það finnst hvergi í orðabókum. Þrjátíu og tveimur árum síðar, í október 1989, er fyrirbærið nefnt í sama riti og þá kallað því útpvælda orði *speglun*. Árið 2000 segir *Morgunblaðið* frá sýningu sem kallast „því táknræna heiti Palindrome en svo kallast orð, sem hefur sömu merkingu hvort sem það er lesið afturábak eða áfram“. Þótt nafnorðið *samhverfa* hafi verið til í málinu sem íðorð í jarðfræði síðan um 1930 virðist það því ekki hafa verið notað um ‘palindrome’ fyrr en á síðasta áratug – *Íslensk orðabók* hefur orðið ekki í þeirri merkingu og líklega hefur Baggalútur komið henni á. Vissulega er *stafbyrðingur* svipmikið og ábúðarfullt orð en *samhverfa* óneitanlega þjálla og gagnsærra.

Samhverfurnar í þessari bók eru af ýmsum stærðum og gerðum, allt frá þeim einföldustu eins og *rör*, *píp* og *ódo* upp í langlokur eins og *mun amma Ragna raða ranga rammanum*. Þetta eru allt stafasamhverfur – einingarnar sem koma í sömu röð hvort sem lesið er afturábak eða áfram eru bókstafir. En það er líka hægt að skoða bæði stærri og minni einingar. Sumir bókstafir eru t.d. samhverfur því að þeir breytast ekki þótt þeim sé snúið um ímyndaðan lóðréttan ás í miðju sinni – AHIMOTUVWXYÖ. Aðrir – reyndar fjórir þeir sömu – eru samhverfir um láréttan ás – CDEHIKOP. Fáeinir – þar á meðal enn hinir sömu fjórir – eru samhverfir um báða ásana – HINOSXZ. Það er líka hægt að hafa heil orð sem einingar í samhverfunni, t.d. *við hjuggum við*, *Sigga litla elskar litla Sigga*, *konur langar ákaflega í ákaflega langar konur*.

Það var það.